

Fundargerð 109. fundar Fræðslusjóðs
Þriðjudaginn 31. ágúst 2021 kl. 14:00-15:00.

Haldinn í fjarfundi.

Mætt: Hellen Magnea Gunnardóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir varaformaður, Eyrún Björk Valsdóttir, Karl Rúnar Þórsson, Klara Baldursdóttir Briem, Elín Valgerður Margrétardóttir í fjarveru Margrétar Sigurðardóttur, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Finnbogi Sveinbjörnsson, Magnús Ingvarsson.

Frá FA: Sigríður Guðmundsdóttir, Björn Garðarsson.

DAGSKRÁ

1. **Fundargerð síðasta fundar** (Fskj. 01. Fundargerð 108. fundar)
Fundargerð 108. fundar samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum til rafrænnar undirskriftar.
2. **Endurúthlutun fjármagns Fræðslusjóðs, úthlutun VMST og heimild til að flytja milli flokka** (Fskj. 02 Endurúthlutun, VMST og flutt milli flokka).
Einungis eru rúmar 4 millj. til endurúthlutunar í ár auk þess sem kann að verða skilað. Undanfarin ár hefur skil á fjármagni innan ársins verið óverulegt og ekkert sem bendir til þess að breyting verði á því í ár. Aftur á móti er í gildi heimild fræðsluaðila til að færa allt að 50% af úthlutun milli verkefnaflokka; kennslu, ráðgjafar og raunfærnimats, sem eykur sveigjanleika og auðveldar fræðsluaðilum að bregðast við eftirspurn. Því má gera ráð fyrir að þessi möguleiki, ásamt því viðbótar fé frá VMST minnki þörfina fyrir viðbótarúthlutun.
Afgreiðsla: Samþykkt að fella niður endurúthlutun í ár og þess í stað bæta upphæðinni við úthlutun 2022.
3. **Erindi frá samstarfsaðilum:**
 - a. **Símenntunarmiðstöð Vesturlands – Ósk um flutning milli flokka** (Fskj. 03 Símenntun Vesturlands).
Samþykkt að heimila Símenntunarmiðstöð Vesturlands flytja 8.780.000 frá vottuðum námsleiðum þannig að 2.000.000 fari í náms- og starfsráðgjöf og 6.781.000 fari í raunfærnimat.
Afgreiðsla: Samþykkt
4. **Breytingar á uppgjorsreglum – Uppbrot á námsleiðum.**
Flestir fræðsluaðilar sjá mikinn kost í að geta brotið upp námsleiðir og boðið upp á styttri leiðir. Enn er þó þörf fyrir lengri námskrár t.d. Menntastoðir og Grunnmennt, fyrir ákveðna hópa. Mikilvægt er að hlusta á þarfir notenda og laga reglurnar þannig að þær mæti þörfum þeirra, en á forendum framhaldfræðslunnar. Þá þarf að tryggja að námleiðir sem ná upp á þriðja þrep renni hindrunarlaust inn í framhaldsskóla til að ljúka námi.

Fram kom að þörf er fyrir námskrá í íslensku.

Það er orðið aðkallandi að endurskoða skilmála og úthlutunarreglur sjóðsins, en þær hafa ekki breyst frá 2014.

Afgreiðsla: Samþykkt að starfsmenn FA ásamt formanni og varaformanni hefji vinnu við að útfæra á drög að nýjum reglum sem síðan verði lagðar fyrir stjórn. Lista þarf um þær breytingar sem eru mest aðkallandi. Verkáætlun liggi fyrir á næsta fundi.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið.